

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjórnugrís hf. Melar, Hvalfjarðarsveit



Dags eftirlits	30.8.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Stjórnugrís hf.	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Melar, Hvalfjarðarsveit	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6006670179	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir G. Geirsson	ÍSAT nr.	01.46.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram 7 frávik frá lögum, reglugerðum og kröfum í starfsleyfi. Einnig var sett fram ein ábending um það sem betur má fara í starfseminni.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Stjórnugrís að Melum þann 30. ágúst 2024.

Boðuð dagskrá:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Umfang starfseminnar
- Umhverfismarkmið
- Staða innleiðingar umhverfisstjórnunarkerfis
- Trygging vegna bráðamengunar
- Skráningar
- Skýrslugjöf
- Grænt bókhald
- Útstreymisbókhald
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits
- Gjaldskrá
- Kvartanir
- Vettvangsferð
- Annað

1. Niðurstöður síðasta eftirlits

Í eftirlitinu var farið yfir útstandandi frávik og ábendingar frá fyrri árum.

Í gamla starfsleyfinu var krafa um yfirbyggingu á safnþrónni. Þar sem þetta hefur ekki verið framkvæmt hefur rekstraraðili verið með opið frávik á það undanfarin ár. Ekki er gerð krafa á yfirbyggða safnþró í nýju starfsleyfi og frávikinu því lokað.

Einnig var í gamla starfsleyfinu krafa um bundið slitlag í kringum eldishúsin. Slík krafa er ekki í núgildandi starfsleyfi. Þessi aðgerð var ræddi í eftirlitinu og kom fram að rekstraraðili hafi þó í hyggju að fara í slíkar framkvæmdir. Fráviki lokað.

Á lóð er gamall olíutankur sem notaður var til kyndingar, og er án fullnægjandi árekstrarvarna. Eftir að reksturinn var tengdur við hitaveitu hefur ekki verið þörf á þessum tanki og hann tómur. Rekstraraðili upplýsti um að til stendur að farga tankinum, þar til það hefur verið gert, eða hann fjarlægður af svæðinu stendur frávikkið óbreytt.

Rekstraraðila hefur verið bent á að yfirfara upplýsingar sem fram koma í útstreymisbókhaldinu um magn af ryki sem kemur frá starfseminni, einnig að upplýsingar um losun á heildarmagni köfnunarefnis og heildarmagni fosfórs bæði í vatn og á land vantar í útstreymisbókhaldið. Sé losun yfir viðmiðunarmörkum í viðauka II í reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald skulu þau gefin upp. Þetta hefur ekki verið lagfært.

Í fyrri eftirliti var rekstraraðila einnig bent á að yfirfara hvort BAT1 sé í umhverfisstjórnunarkerfi búsins. Þetta hefur ekki verið gert. Í nýja, núgildandi starfsleyfinu er þetta gert að kröfu, sjá lið 4 hér á eftir.

2. Umfang starfseminnar

Á búinu eru stæði fyrir 8.000 eldissvín að auki eru á hverjum tíma um 3.000 smágrísir.

3. Umhverfismarkmið

Engin umhverfismarkmið hafa verið tekin saman fyrir starfsemina.

4. Staða innleiðingar umhverfisstjórnunarkerfis

Vinna við gerð umhverfisstjórnunarkerfi er ekki hafin. Rekstraraðili áætla að gera sitt eigið kerfi í samræmi við BAT. Í

eftirlitinu kom fram að vinna við þetta muni hefjast nú þegar.

5. Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili sýndi staðfestingu á tryggingu í eftirlitinu.

6. Skráningar

Farið var yfir það í eftirlitinu hvaða skráningar rekstraraðili skal halda s.k.v. grein 4.1 í starfsleyfinu. Þessi skráning skal hefjast sama dag og starfsleyfið tók gildi.

7. Skýrslugjöf

Í eftirlitinu var farið yfir það hverju rekstraraðila beri að skila í ársskýrslu. Ársskýrslu skal skila fyrir 1. maí ár hvert. Fyrsta ársskýrslan á þó einungis við um þann hluta ársins sem hið nýja starfsleyfi gildir. Skila skal öllum upplýsingum sem tilgreindar eru í kafla 4.3 í starfsleyfinu.

8. Grænt bókhald

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað of sent eða þann 25. júní 2024.

9. Útstreymisbókhald

Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

10. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits

Farið var yfir áhættumatið í eftirlitinu. Rætt var um það hvað rekstraraðili getur gert til að lækka áhættumatið. Rekstraraðili hefur góða möguleika á að lækka áhættumatið með gerð umhverfisstjórnunarkerfis og fækka óþarfa frávikum.

11. Gjaldskrá

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar var send rekstraraðila með fundarboðinu og var hún einnig kynnt í eftirlitinu.

12. Kvartanir

Farið var yfir þær kvartanir sem Umhverfisstofnun hafa borist frá síðasta eftirliti og viðbrögð við þeim. Engar kvartanir hafa borist til starfsleyfishafa.

13. Vettvangsferð

Farið var í vettvangsferð um athafnarsvæði svínabúsins. Skoðuð var mykjuþróin sem við eftirlitið var full alveg upp að barmi. Mikil og þétt skorpa var ofan á þrónni, en skarð var þó í henni á inndælingarsvæðinu. Einnig var skoðaður tankurinn undir blauthluta mykjunnar. Tankurinn er orðinn gamall og illa á sig kominn og nauðsynlegt að annað hvort skipta honum út eða geyma vökvann á annan hátt. Rætt var um að koma upp pylsum eða uppistöðulóni fyrir vökvann sem mögulega yrðu staðsett innar í landinu til að vera nær þeim stað sem áburðurinn er nýttur á. Skoðaður var olíugeymir sem notaður er fyrir rafstöð. Um tvöfaldan stáltank er að ræða og með góðri árekstrarvörn.

14. Annað

Í eftirlitinu var upplýst um að ný IED löggjöf hefur tekið gildi í Evrópusambandinu og mun hún væntanlega verða innleidd á Íslandi innan skamms. Í reglugerðinni er talsvert um breytingar sérstaklega er varða þauleldi og það hvernig fjöldi stæða er reiknaður m.t.t þess hvort rekstur falli undir IED eða ekki.

Einnig var rætt um að útreikningum skv BAT um heildarlosun ammóníaks, fosfórs og köfnunarefnis hefur ekki verið skilað fyrir starfseminu.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir við útgáfu starfsleyfisins.

gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst eftir 1. maí 2024. grænt bókhald.

gr. 2 í reglugerð 990/2008 um
úttreymisbókhald.

Úttreymisbókhald fyrir árið 2023 barst eftir þann 1. maí 2024.

gr. 4.6.1 Tækni til að draga úr losun
frá geymslu fljótandi húsdýraáburði í
BAT niðurstöðum fyrir þéttbært eldi
alifugla eða svína.

Til þess að skorpan hafi áhrif verður hún að vera þykk, það má ekki hreyfa við
henni og hún verður að hylja allt yfirborð fljótandi húsdýraáburðarins. Eftir að
lagið hefur myndast er fyllt á geymsluna undir yfirborði hennar til að komast hjá
því að brjóta það.

Rekstraraðili fyllir enn á tankinn ofanfrá sem veldur gati í skorpunni.

gr. 2.4 í starfsleyfi

Rekstraraðila er skylt að sinna viðhaldi á mannvirkjum og búnaði.

Tankur fyrir blauthluta svínamykjunnar er ryðgaður og hætta á að hann gefi
sig.

gr. 38. liður b. í lögum 7/1998 um
hollustuhætti og mengunarvarnir og
BAT 24 í Framkvæmdarákvörðun
framkvæmdastjórnarinnar (ESB)
2017/302 um bestu, fánlegu tækni
(BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla

Rekstraraðilar skulu nota bestu aðgengilegu tækni. Besta fánlega tækni er að
vakta heildarmagn köfnunarefnis og fosfórs, sem er losað sem úrgangsefni í
húsdýraáburði með a) útreikningi með því að nota massajöfnuð, eða b) mat
með því að nota greiningu á heildarinnihaldi köfnunarefnis og fosfórs í
húsdýraáburði. Tíðni a) eða b) er einu sinni á ári fyrir hvern flokk dýra.

gr. 38. liður b. í lögum 7/1998 um
hollustuhætti og mengunarvarnir og
BAT 25 í Framkvæmdarákvörðun
framkvæmdastjórnarinnar (ESB)
2017/302 um bestu, fánlegu tækni
(BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla

Rekstraraðilar skulu nota bestu aðgengilegu tækni. Besta fánlega tækni er að
vakta losun ammóníaks með því að nota: a) mat með því að nota massajöfnuð
eða b) útreikningur með því að mæla ammoníakstyrkinn og hraða
loftræstingarinnar eða c) mat með því að nota losunarstuðla. Tíðni er einu
sinni á ári fyrir hvern flokk dýra fyrir a) og c) en í hvert sinn sem umtalsverðar
breytingar verða fyrir b)


ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að skoða hversu mörg lifestock unit eru á búinu skv. IED2

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í
starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu
heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.10.2024


Kristín Kröyer